
Fundargerð aukaársfundar 2025

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Aukaársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands (LTFÍ)
haldinn þann 13. nóvember 2025 kl. 16:00 í Landsbankanum
Reykjastræti 6.

Gögn sem lágu fyrir á fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Glærur sem kynntar voru á upplýsingafundi sem haldinn var miðvikudaginn 29. október 2025.
- Tillögur að breytingum á samþykktum LTFÍ ásamt greinargerð.

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra en Börkur var ekki mættur og tilnefndi hann því til bráðabirgða Stefán Auðólfsson lögmann og Börkur myndi taka við fundarstjórn þegar hann myndi mæta. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt. Stefán tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi hann Pétur Pétursson, starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara. Ekki voru gerðar athugasemdir við þá tilnefningu.

Dagskrá fundar:

1. Kynning á samrunasamningi milli LTFÍ og Frjálsa lífeyrissjóðsins
2. Tillögur og atkvæðagreiðsla um breytingar á samþykktum LTFÍ
3. Kosning um tillögu um sameiningu við Frjálsa lífeyrissjóðinn
4. Önnur mál

1. Kynning á samrunasamningi milli LTFÍ og Frjálsa lífeyrissjóðsins

Sigurgísli Ingimarsson tók til máls. Hann sagði frá því að kynningarfundur hefði verið haldinn í höfuðstöðvum Arion banka, miðvikudaginn 29. október 2025 og þar farið yfir væntanlegan samruna LTFÍ og Frjálsa lífeyrissjóðsins. Forsagan væri sú að LTFÍ hefði verið kominn í þá aðstöðu að rekstur sjóðsins hefði verið orðinn ósjálfbær þar sem fjöldi sjóðfélaga væri undir 800 manns og örorkusamkomulagi sem LTFÍ hefði verið aðili að ásamt þremur öðrum lífeyrissjóðum hefði verið sagt upp. Stjórn hefði þá kannað möguleika á því að reka sjóðinn í óbreyttri mynd og hefði meðal annars leitað til Lífeyrissjóðs bændu um samrekstur og að reka sjóðinn innan Skaga hf. Hvorugur kosturinn var fýsilegur og var í kjölfarið farið að skoða það að sameina LTFÍ við annan lífeyrissjóð og þar sem

sjóðurinn væri að megninu til séreignarsjóður, þá hefðu tveir lífeyrissjóðir komið helst til greina, Íslenski lífeyrissjóðurinn og Frjálsi lífeyrissjóðurinn. Eftir að hafa skoðað þessa tvo kosti, þá var ákveðið að ganga til viðræðna við Frjálsa lífeyrissjóðinn og fyrrgreindur kynningarfundur haldinn. Í dag myndu sjóðfélagar LTFÍ kjósa um það að sameina þessa tvo lífeyrissjóði.

Þá sagði Sigurgísli að ef samruni sjóðanna yrði samþykktur, þá myndi Frjálsi lífeyrissjóðurinn byrja að taka við iðgjöldum inn í sameinaðan sjóð frá og með 1. janúar 2026.

Eftir kynningu Sigurgísla mætti Börkur Thoroddsen og tók við starfi fundarstjóra.

2. Tillögur og atkvæðagreiðsla um breytingar á samþykktum LTFÍ

Sigurgísli fór yfir tillögur að breytingum á samþykktum.

Tillaga 1:

Við 8. gr. samþykktu bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frá 31. desember 2025 verður ekki tekið við frekari innborgunum iðgjalda í leiðir II og III og réttindi sjóðfélaga sem valið hafa leið II eða III og ekki hafa sótt um töku lífeyris þann dag flytjast á þeim degi í leið I. Mánaðarlegur réttur til örorku- og

makalífeyris breytist ekki við flutning réttinda frá leiðum II og III í leið I, en ellilífeyrisréttur í leið 1 verður sá réttur sem með frestun á töku lífeyris til viðmiðunaráldurs þeirrar leiðar sem réttur er fluttur úr verður hinn sami og var fyrir flutning í leið I.

Frá 31. desember 2025 tekur gildi uppfærð tafla um frestun og flýtingu lífeyris í leið I hjá Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands.

Breyttur viðmiðunaráldur við framreikning réttinda við mat örorkulífeyris.

Í stað „70 ára“ í 1. málsl. gr. 11.3 komi: 65 ára

3. Kosning um tillögu um sameiningu við Frjálsa lífeyrissjóðinn

Tillaga 2:

Við samþykktir LTFÍ bætist nýtt ákvæði svohljóðandi:

LTFÍ sameinast Frjálsa lífeyrissjóðnum frá og með 1. janúar 2026. Á þeim degi tekur Frjálsi lífeyrissjóðurinn við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum LTFÍ, fyrir bæði samtryggingu og séreign, eins og þær standa á þeim degi samkvæmt uppgjöri 31. desember 2025.

Við sameiningu sjóðanna og færslu réttinda og skyldna til Frjálsa lífeyrissjóðsins 1. janúar 2026 munu samþykktir Frjálsa gilda um réttindi og skyldur sjóðfélaga LTFÍ, sem þá færast yfir til Frjálsa lífeyrissjóðsins og verða sjóðfélagar í sameinuðum sjóði.

Við samrunann skulu öll áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga LTFÍ metin og varðveitt eins og þau standa samkvæmt gildandi samþykktum sjóðsins á sameiningardegi. Samruni sjóðanna skal miðast við áfallna stöðu lífeyrisskuldbindinga á viðmiðunardegi og án framtíðarkostnaðar. Varðandi frestun og flýtingu réttinda skal miða við samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Séreignarsparnaður sjóðfélaga LTFÍ sem þeir hafa greitt og safnað hjá LTFÍ er eign hvers sjóðfélaga og mun við sameiningu LTFÍ við Frjálsa lífeyrissjóðinn 1. janúar 2026 flytjast í séreignarleiðina Frjálsi 1 til vörslu og ávöxtunar.

Á aukasjóðfélagafundi 13. nóvember 2025 er sameining við Frjálsa lífeyrissjóðinn samþykkt og stjórn LTFÍ um leið veitt fullt umboð til að ákveða, með tilliti til úttektar og mats tryggingarstærðfræðings, hækkun eða lækkun réttinda til jöfnunar réttinda sjóðfélaga sjóðanna en komi til breytinga á réttindum í LTFÍ skal það skráð með viðauka til breytinga á samþykktum þessum miðað við 31. desember 2025.

Fundarstjóri sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi kveða sér hljóðs.

Enginn fundarmaður bað um orðið og var þá gengið til kosninga. Kosið var um báðar tillögurnar í einu með handauppréttingu. Tillögurnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

4. Önnur mál

Gísli Vilhjálmsson, varamaður stjórnar spurðist fyrir um það í hvaða ávöxtunarleið sjóðfélagar LTFÍ yrðu settir í. SI sagði að sjóðfélagar myndu fá að velja þá fjárfestingarleið sem séreign þeirra ætti að ávaxtast í.

Sigurgísli tók til máls. Hann þakkaði fyrir mætinguna á fundinn og þennan einróma stuðning til tillögurnar. Stjórn hefði lagt í mikla vinnu við þennan samruna og ánægjulegt væri að sjá hann ganga í gegn.

Fundi slitið kl. 16:45.

Á fundinn var mætt fyrir 15 sjóðfélaga sem fara samtals með 10,43% af atkvæðavægi.

